

9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 469

14. júlí 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. ágúst 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 163 3. mars 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnaðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnaði.

Fast gjald á mánuði = $F \times 12,08 \text{ kr/m}^2$ ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fast gjald á mánuði = $1.570 + (F - 130) \times 7,27 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 89,99 fyrir hvern rúmmetra vatns.
 - Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 120,29 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 277 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 497 kr./mán.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júlí 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.